14. stjórnarfundur Minjasafnsins á Akureyri haldinn þriðjudaginn 19.5.2020 í norðursal Aðalstræti 58 kl. 15:00-18:25

Fundinn sátu: Sigfús Karlsson, formaður, Elísabet Ásgrímsdóttir, Inga Elísabet Vésteinsdóttir, Þorsteinn Krüger, Sigríður Rósa Sigurðardóttir og Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri. Elísabet yfirgaf fund eftir lið nr. 6.

1. **Fundargerðir síðustu funda.**
   Lagðar fram fundargerðir 11.2. 2020 og 30.3. 2020 sem voru yfirfarnar og undirritaðar.
2. **Fjárhagsstaða á fyrsta ársfjórðungi.**
   Safnstjóri kynnti rekstrarreikning fyrstu 3 mánuði og fór yfir stöðu næstu mánuði.
   Stjórn Minjasafnsins á Akureyri þakkar starfsfólki fyrir ráðdeild á þessum fordæmalausu tímum.
3. **Endurskoðuð fjárhagsáætlun.**
   Safnstjóri kynnti endurskoðaða fjárhagsáætlun sem tekur mið af breyttum forsendum varðandi komu ferðamanna, ráðningu sumarstarfsfólks.
   Stjórn safnsins samþykkir endurskoðaða fjárhagsáætlun sem verður áfram í endurskoðun á óvissum tímum.
4. **Aðgengi fatlaðra að safnhúsinu Aðalstræti 58.**
   Safnstjóri kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir til að bæta aðgengi fatlaðra til skamms tíma.
   Stjórn safnsins fagnar fyrirhuguðum breytingum og felur safnstjóra að vinna hratt og vel að málinu.
5. **Tónlistarbærinn Akureyri – ný sýning.**
   Farið var yfir fyrirhugaða sýningu um tónlistarlíf á Akureyri, útgáfu sýningarrits, viðburði og opnun sem tekur mið að þeim takmörkunum sem fylgja þarf vegna sóttvarna.
6. **Iðnaðarsafnið minnisblað**
   Stjórn Minjasafnsins á Akureyri samþykkir tillögu að biðleik sem fram kemur í minnisblaði um Iðnaðarsafnið frá 12.5. 2020. Stjórn Minjasafnsins leggur ríka áherslu á að fjármögnun þessa samkomulags getur að engu leiti komið úr sjóðum Minjasafnsins.
   Jafnframt telur stjórn Minjasafnsins fyrirhugaðan samning ásættanlegan biðleik í stöðunni, og hlakkar til að sjá tilvonandi safnastefnu Akureyrarbæjar og taka afstöðu til hennar.
   Safnstjóra er falið að vinna að málinu.
7. **Styrkir til safnsins.**
   Lagt fram yfirlit yfir fengna styrki vegna ársins 2020.
8. **Aðalfundur**
   Aðalfundur safnsins verður haldinn 25. eða 30. júní.
9. **Önnur mál.**
   Markaðsátak Akureyrarstofu sem viðspyrnu gegn Covid.
   Safnstjóra falið að vera í samstarfi starfsfólk Akureyrarstofu um markaðsmál.
   Miðaldadagar 2020
   Tilkynning frá stjórn Gásakaupstaðar ses um að Miðaldadögum hefur verið frestað til 2021.

Fundargerð ritaði HÞE